

Borgarráð

Efni: Endurgreiðsla á ofteknum dráttarvöxtum í greiðsluskjóli

Óskað er eftir að borgarráð samþykki heimild til fjármála- og áhættustýringarsviðs að sjá um og framkvæma endurgreiðslu til þeirra einstaklinga sem greiddu dráttarvexti af kröfum vegna fasteignagjalda á meðan þeir nutu frestunar á greiðslum á meðan leitað var greiðsluaðlögunar hjá Umboðsmanni skuldara.

Áætlað er að umfang endurgreiðslna vegna þessa geti verið allt að 26 m.kr. auk skaðabótavaxta sem áætlaðir eru 10 m.kr., eða samtals um 36 m.kr. Fjárhæðin verði greidd af liðunum Ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Greinargerð

Forsaga málsins er sú, eins og greint var frá á fundi borgarráðs í byrjun mars 2020, að í samræmi við álit borgarlögmanns frá 15. mars 2012 um heimild til kröfu dráttarvaxta af ógreiddum lögveðskröfum þegar skuldari er í greiðsluskjóli skv. 11. gr. laga nr. 101/2010, reiknaði og innheimti Reykjavíkurborg dráttarvexti af fasteignagjöldum á meðan einstaklingar voru í greiðsluskjóli. Dráttarvextir voru því lagðir á kröfur sem voru í greiðsluskjóli og innheimtir skv. álitinu.

Eftir fyrirspurn frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 10. september 2019 varðandi hvort tekið hefði verið tillit til 7. gr. vaxtalaga í álit borgarlögmanns frá 15. mars 2012 óskaði fjármála- og áhættustýringarsvið eftir nýju álit frá borgarlögmanni.

Í nýju álit borgarlögmanns kom fram í samandregnu mati hans að samkvæmt a. lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010 er lánadrottnum óheimilt að krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum, þ.á.m. vegna fasteignagjalda, meðan á frestun greiðslna stendur. Þá kveður 3. másl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 4/1995 á að um dráttarvexti gildi ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. nógildandi lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá kveður 7. gr. laga nr. 38/2001 m.a. skýrt á um að ekki skuli reikna dráttarvexti á kröfur þann tíma sem greiðsludráttur verður ef skuldari heldur af lögsmætum ástæðum eftir greiðslu eða hluta hennar.

Reykjavíkurborg var því ekki heimilt að krefjast dráttarvaxta af vanskilakröfum vegna fasteignagjalda hjá einstaklingum sem nutu frestunar á greiðslum á meðan leitað var greiðsluaðlögunar.

Kröfur borgarinnar sem eru í vanskilum, og í milli- og löginnheimtu, eru til innheimtu hjá Momentum og Gjaldheimtunni og var því ákveðið að semja við Gjaldheimtuna um útreikning á ofteknum dráttarvöxtum.

Starfsmenn Gjaldheimtunnar hafa unnið að því að finna og reikna út greidda dráttarvexti sem féllu til á fasteignagjaldkröfur á því tímabili sem eigandi/eigendur voru í greiðsluskjóli skv. lögum.

Verkefnið var viðamikl, bæði hvað varðar að finna þessar kröfur og einnig að reikna út þessar fjárhæðir miðað við gefnar forsendur. Verkefnið hefur dregist, bæði vegna þess að vinnan reyndist flóknari en áætlað var í upphafi og einnig hefur ástandið vegna Covid-19 faraldursins haft áhrif á framgang verkefnisins.

Ákveðið var í samráði við Gjaldheimtuna að skipta vinnunni upp eftir því hvort uppgjör á sínum tíma fór fram í gegnum einstaklingana sjálfa eða hvort það fór fram í gegnum Sýslumann við úthlutun á nauðungarsölu.

Samantektin á vinnunni er eftirfarandi:

	Fjöldi mála	Fjöldi einstakl.	Drv. í gr.skj.
Uppgjör - einstaklingar	646	343	17.294.323
Uppgjör - sýslumaður	313	135	8.579.234
Samtals áætluð endurgreiðsla			25.873.557

Ástæða þess að málin eru fleiri en einstaklingarnir sem eiga rétt á endurgreiðslu er sú að úrlausn mála dróst verulega á langinn í upphafi og dróst jafnvel í nokkur ár. Stofnað var sérstakt mál fyrir hvert ár vegna álagningar fasteignagjalda og eiga sumir rétt á endurgreiðslu dráttarvaxta nokkurra ára.

Hæsta einstaka endurgreiðslan til eins aðila er kr. 1.486.466,- en það er endurgreiðsla vegna álagningar þriggja ára. Meðaltal endurgreiðslu eru kr. 27.150,- og eru 26 mál þar sem endurgreiðsla er yfir kr. 100.000,-.

Reykjavíkurborg ber að reikna vexti á það fé sem er endurgreitt, skv. 8. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019, en þar segir að stjórnvöld sem innheimta skatta, gjöld eða sektir skulu endurgreiða það fé sem ofgreitt reynist lögum samkvæmt ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af því fé sem oftekið var frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram. Í 2. mgr., 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 segir að kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Þeir skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr.

Ákveðið hefur verið að senda bréf til til þeirra sem eiga rétt á endurgreiðslu til þess að tilkynna þeim um endurgreiðsluna. Endurgreiðslan verður lögð inn á reikninga viðkomandi, ef Reykjavíkurborg er með reikningana skráða í kerfum sínum, en annars verður óskað eftir því að viðkomandi einstaklingar hafi samband til þess að upplýsa um inn á hvaða reikninga þeir vilji fá endurgreiðsluna. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslan fari fram 10. febrúar nk.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs